



---

## Skólaráð Gardaskóla

### 1. febrúar 2012, kl. 15.30-17.00, stofu 217

**Fundarstjóri:** Brynhildur Sigurðardóttir

**Fundarritari:** Sigurrós Gunnarsdóttir

**Mættir:**

Skólaráð: Guðrún B. Egilsdóttir, Ágústa fulltrúi foreldra, Ragnar Gíslason, Gunnar R., BS, IAA, SG

Nemendaráð: Sóley Ásgeirsdóttir, Þórunn Jónsdóttir, Sara Sól Hannesdóttir, Jón Hallmar Stefánsson, Stefanía Gunnarsdóttir, Vésteinn Örn Pétursson

**Fjarverandi:** Össur fulltrúi foreldra, Hjalti Rafn og Unnur Andra fulltrúar nemenda

**Efni fundarins:**

Ragnar boðinn velkominn

Matarmál – Margrét Björk Svavarsdóttir og Gunnar Einarsson ætla að kalla fulltrúa foreldra á fund til að ræða erindi skólaráðs til bæjarráðs um verð á heitum mat í matsölu Gardaskóla. BS ýtir á eftir bæjarstjóra og Margréti Björk til að fá fulltrúa á fund. Nemendaráðið hefur rætt þau mál.

Nemendaráðið = Þórunn Jónsdóttir; dreifir verðlista þar sem fram kemur munur á verði í Hagkaup og matsölu skólans. Sjá fylgiskjal. Nemendaráðið biður um að stjórnendur sendi listann á bæjarráð og á Skólamat. Umræður um matarmál skólans. Ósk um að bæjarráð og foreldraráð muni fylgja málinu eftir. Fulltrúi nemendaráðs mun fara með fulltrúa foreldraráðs á fund bæjarráðs.

Bréf frá Strætó tekið fyrir. Strætó auglýsti nemakortin í skólunum þar sem grunnskólanum er boðið að kaupa þau kort. Spurning hvort kynna þurfi þessi kort eða hvort þau séu nógu vel kynnt. Foreldrarnir gætu kynnt þetta. Hugmynd frá nemendaráðinu um að auglýsa þetta á skjánum fyrir framan skrifstofuna. Það mun verða gert.

BS fer yfir skóladagatal næsta árs. Samræmt í leik- og grunnskólum bæjarins.

Skólaráð þarf að senda frá sér umsögn. Rauðir dagar verða að vera eins í leik- og grunnskólunum. Gulir dagar eru settir niður af skólanum og röðum þeim niður eftir þörfum. GR bendir á að rauðir dagar eru þrír á föstudögum. Spurning um skipulag félagsmiðstöðvar og viðburði þar.

Umræður um próf og prófdaga. Fulltrúi forelda spyr hvernig tími eftir próf hefði verið. IAA – greinir frá því að almennt hafi sá tími nýst vel. Fulltrúar nemenda vilja próf undir jól. Krakkarnir tala um að of snemmt sé að hafa prófin í byrjun desember og vilja hafa prófin í lok haustannarinnar. Fundurinn ályktar það að betra væri að hafa prófin í lok haustannar. Skólaráðið mælir með því að prófin verði haldin í kringum 15. og 16. Desember.

Ráðið gerir athugasemdir við að 3 af 5 skipulagsdögum séu á föstudögum.

Ágústa fulltrúi foreldra kemur með þá hugmynd að nýta megi gulan dag í upphafi annarinnar sem heilan dag og þá hvítan. Kennsla muni þá hefjast strax eftir skólasetningu.

Nemendaráðið biður um Gagn og gaman daga inn á skóladagatalið. Þeir dagar verða settir inn mjög bráðlega.

GR – talar um að ef við græðum gulan dag með því að gera skólasetningu að heilum skóladegi sé hægt að stilla upp módeli þannig að hér séu listadagar/uppbrotsdagar á hverju vori, hafa eitthvað til að stefna að t.d. árshátíðin á sama punkti hvert ár. GBE - Spurningin að hafa listadagana á haustönn. Spurning um meira uppbrot.

BS mun senda ályktun fundarins á skólanefnd bæjarins sem á að samþykkja skóladagatalið.

RG bendir á að hægt sé að kenna í páskafríi þ.e. dagana 25. – 27. mars. Þá væri hægt að hætta fyrr að vori, þar sem skólanum yrði slitið þá fyrr í júní og nemendur gætu byrjað að vinna fyrr.

Fyrirspurn frá nem. varðandi skólaferðir. RG útskýrir að Garðalundur hefur séð um ferðir nemenda. Einnig er skólanum þröngur stakkur búinn þar sem hann má ekki láta nemendur greiða fyrir ferðir á vegum skólans. Nemendaráðið hefur tekið þetta mál upp, IAA sendi bréf á forráðamenn til að koma áhuga nemenda á framfæri. Ágústa talar um áhuga kennara og nemenda á ferðum, leikhúsferðir o.fl. Foreldrafélagið er ekki með neinn sjóð – nú er verið að kanna hug foreldra varðandi það að foreldrar styrki með frjálsum framlögum 1500 krónur á barn. Foreldrar vilja taka meiri þátt með fjáröflun t.d. kaffihús – annað. Foreldrafélagið ætlar að senda út stutta rafræna könnun til að fá skýrara umboð frá forráðamönnum um hvaða stefnu skuli taka. Þjóða mætti upp á fyrirlestra o.fl., það er mikill hugur í foreldrum varðandi þetta. Spurning hvernig hægt er að ná til foreldra. Mikilvægt er að ná samþykki foreldra til að hægt sé að búa til ferðasjóð. Ágústa – talar um mikilvægi þess að foreldrar hafi tilefni til að koma í skólann. Í boði þurfi að vera fastir atburðir þar sem foreldrar komi að. RG fer yfir málin, eitt og annað í gangi varðandi árgangakvöld, bekkjarkvöld. Í ár hafa bæst við viðburðir: t.d. kynning á valgreinum í byrjun febrúar svo og Listadagar í vor þar sem foreldrum er boðið og hafa hlutverk.

BS – kynnir nýja reglugerð um ábyrgð og réttindi allra aðila í skólasamfélaginu. Reglugerðin útskýrir hvað hver á að gera – réttindi og skyldur. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að reglugerðin verði kynnt í skólunum. Kynning allra skólanna í Garðabæ verður eftir nokkrar vikur. Þar verða allir aðilar er koma að skólunum. Skólaráð, námsráðgjafar og fulltrúar nemendaráðs fara sem fulltrúar Garðaskóla á fundinn.

BS – kynnir nýja fjárhagsáætlun. Skólinn hafði sótt um viðbótarfjármagn og fékk það sem beðið var um. Þrjár kennslustofur verða teknar í gegn í sumar; náttúrufræði- og heimilisfræðistofur.

Sérstök peningaúthlutun fékkst til að viðhalda ferðakerfi skólans. Garðbæingar eru ánægðir með ferðakerfið og metnaður til þess að viðhalda því.

BS kynnti jafnréttisstefnu Garðaskóla – Í haust hefur mikil áhersla verið lögð á að allir starfsmenn taki að sér verkefni tengd þróunarstarfi skólans og í framhaldinu varð jafnréttisnefnd skólans til. Nefndin skoðar hvernig jafnrétti er í skólanum, jafnrétti almennt, fatlaðra, starfsmanna, nemenda – allra á allan hátt. Nefndarmenn hafa gert útgáfu Garðaskóla með hliðsjón af jafnréttisáætlun Garðabæjar. Fundarmenn eru beðnir um að lesa stefnuna og sendi punkta til BS. Jafnréttisnefndin lætur drögin

liggja fram til 1. mars. Nemendaráðið mun senda sameiginlega niðurstöðu eftir lesturinn.

Fyrirspurn frá Ágústu foreldrafulltrúa varðandi það þegar drengjum var boðið að kynna sér/vinna á leikskóla. RG svarar og greinir frá verkefninu. Verkefnið hætti 2008.

Fundi slitið kl. 17.00

Fylgiskjöl:

- jafnréttisstefna Garðaskóla – drög janúar 2012
- Tillaga skólastjóra v.2012-2013 (skóladagatalið)
- fundargerð – uppfærð fundargerð síðasta fundar
- starfsmannafundur 2012.01.04 kynning á reglugerð 1040-2011